

ÖRYGGISLEIÐBEININGABLAÐ**ANOLIT A, ANOLIT EXTRA AND ANOLIT EXTRA A**

Dagsetning:	04.11.2003	Alþjóðanúmer.:	082-02.nor.02	Í stað:	082-02.nor.01 (13.09.2002)
-------------	------------	----------------	---------------	---------	----------------------------

Almennar upplýsingar:

Aðeins má afhenda þesa vöru til notenda sem hafa viðurkennt skírteini fyrir að mega vinna við sprengiefni og sem hafa kaupleyfi frá lögreglu eða sýslumanni

1. SAMSETNING / AUÐKENNI VÖRU OG ÁBYRGÐ FYRIR TÆKI

HEITI VÖRU	Anolit A (blandað með áli), Anolit Extra (blandað með gúmmíhlaupi) Anolit Extra A (blandað með áli og gúmmíhlaupi)
TEGUND VÖRU	Gult sprengiefni með þéttleika dufts pakkað í plastpoka

Framleliðandi	Dyno Nobel Europe
Heimilisfang	Pósthólf 614
Póstnúmer og borg	3412 Lierstranda
Símanúmer	32 22 80 00
Fax númer	32 22 81 83
Neyðarsímanúmer	917 05 850

2. UPPLÝSINGAR UM EFNASAMSETNINGU

Nr	Innhald	CAS-NR	Prósentaþyngdar	Varnaðarmerki; Hættusetrn.
1	Ammoníum Nítrat	6484-52-2	92 - 96	O ; 8-9
2	Parafín olía		4 - 8	
	Eða brennsluolía venjuleg	68476-30-2		X _n ; 40
	eða brennsluparafín (HT)	91770-15-9		X _n , N ; 10-65-51/53
	eða díselolía	68334-30-5		X _n ,N;K3,Note N,40-65-66-51/53
3	Álduft (stöðugt)	7429-90-5	0 - 10	F; 10 - 15
4	Gúmmíhlaup	900-30-0	0 - 7	IK

Tákn: T+=Mjög eitrað, T=Eitrað, C=Ætandi, Xn=Heilsuspíllandi, Xi=Erandi, E=Sprengifimt, O=Tærandi (oxiderandi), F+=Mjög eldfimt F=Eldfimt, N=Hættuleg umhverfi, K=Krabba meins ertandi, , IK=Flokkun ekki skylda

3. VARÚÐARUPPLÝSINGAR**ÖRYGGI:**

Hætta á sprengingu, óviðráðanleg, sprenging getur valdið miklum ápreifanlegum skaða.
högg, núningur, afbrigðilegur stígandi hiti, eldur eða annarskonar kveiking getur leitt til sprengingar.

Heilsuspíllandi:

Löng eða endurtekin snerting við húð getur leitt til húðkrabbameins (Diesel).

Ef gleypit getur það skaðað lungu.

Mjög þétt efni sem getur ert öndun.

Umhverfishætta

Losun efnis í umhverfinu getur leitt til eitrunar vatnsforða.

Sprengifimt gas:

Losun sprengifimra gasefna sem geta verið skaðleg við innöndun.

NO, NO₂ og N₂O₄ ("köfnunarefnis gas") er litlaust að rauðbrúnu gasi og getur valdið erfiðoleikum við öndun og í versta falli að vatn safnist í lungun sem getur endað með dauða. Einkennin geta komið í ljós klukkutímum eftir innöndun af slíku gasi.

CO ("kolmónoxíð") ef andað að sér getur orsakað höfuðverk, svima, truflun á sjón og heyrn og í versta falli meðvitundarleysi og dauða.

CO₂ ("koldíoxíð") er ekki eins hættulegt en, þar sem það þarfnaðast súrefnis, verið kæfandi.

4. SKYNDIHJÁLP / AÐGERÐIR**Almennt:**

Undir öllum kringumstæðum skal haft samband við lækni

Innöndun:

- Komið viðkomandi strax í ferskt loft.

Snerting við húð:

- Fjarlægið óhreinan fatnað. Þvoið vel með sápu og vatni; skolið rækilega, mjög þurra húð skal meðhöndla með feitu mjúku kremi. Hafið samband við lækni ef erting er samfelld. Þvoið ekki húð með White Spirit eða öðrum slíkum efnum.

Snerting við augu:

- Skolið strax með miklu vatni í a.m.k. 15 mínútur. Ef truflun á sjón eða erting heldur áfram, hafið samband við lækni.

Kynging:

- Mjög lítl aðgerð ef lítið magn og ef viðkomandi er með fulla meðvitun : Gefið strax 1-2 glös af mjólk, vatni eða 50-100 g matarolíu, en aldrei viðkomandi ef hann hefur fallið í yfirlið eða fengið krampa. EKKI framkalla uppkóst. Hafið samband við lækni.

Innöndun sprengifimra gasa (eftir sprengingu eða eldsvoða / sprengingu):

ÖRYGGISLEIÐBEININGABLAÐ**ANOLIT A, ANOLIT EXTRA AND ANOLIT EXTRA A**

Dagsetning:	04.11.2003	Alþjóðanúmer.:	082-02.nor.02	I stað:	082-02.nor.01 (13.09.2002)
-------------	------------	----------------	---------------	---------	----------------------------

- Fjarlægið viðkomandi strax frá sprengistað og reynið að halda rólegum. Hafið samband við lækni eða sjúkrahús svo fíjott sem auðið er.
- Ef viðkomandi er meðvítundarlaus: Losið um fót sem þrengja að líkamanum, haldið viðkomandi rólegum í hliðarlegu.
- Erfiðleikar með andardrátt: Gefið súrefni (af kunnáttumanni), hraður flutningur á sjúkrahús.
- Ef enginn andardráttur notið munn við munn aðferð
- Ef hjartastopp: Beitið hjartahnoði (CPR)
- ATH! Einkenni um vatn í lungum geta komið fram eftir 18-24 tíma. (í fáum tilfellum er skýrt frá að vatn hafi myndast í lungum 48 klst. eftir viðkomu). Í millitíðinni skal viðkomandi liggja fyrir algjörlega kyrr og undir eftirliti.

5. AÐFERÐIR VIÐ AÐ SLÖKKVA ELD

Aðgerðir með eld í kring um eða nálægt sprengiefni (eldur hefur ekki kveikt í sprengiefninu)

- Með öllum mögulegum ráðum (vatni eða öllu nærtæku slökkviefni) ráðist á eldinn og varnið því að hann komist að sprengiefninu.
- Ef mögulegt fjarlægið sprengiefnið (akið því á brott með bíl) frá eldsvæði

Eldur í sprengiefni:

- Reynið ekki að slökkva eldinn, það getur valdið sprengingu! Það er EKKI hægt að slökkva eld í sprengiefni með slökkviefni (léttvatni, dufti, kolsýru eða sandi). Allar tilraunir auka hættu á sprengingu.
- Stöðvið alla umferð, yfirgefið svæðið í kringum eldinn og farið í örugga fjarlægð og hafið í huga mögulega sprengingu og sprengi gas.
- Skipuleggið vaktir, látið jafnvel nágranna vita.
- Hafið strax samband við lögreglu og slökkvilið.
- Eld og sprengi gasi má ekki anda að sér, sjá málsgrein. 3 og 4; Sprengi gas

6. AÐGERÐIR VIÐ EFNALEKA EÐA SPILLINGAR

Almennar aðgerðir vegna óvænts leka, losunar (spillingar):

- Afganga af sprengiefninu skulu teknir upp með neistafríum verkfærum og settir í viðurkenndar merktar pakningar.
- Varnið útbreiðslu efnisins þar sem það er uppleysanlegt í vatni og getur mengað vatn, jörð og niðurföll.
- Notið nauðsynlegan öryggisfatnað, sjá málsgrein 8.
- Undir engum kringumstæðum má henda afgangi í rusl-, skólpræsi eða henda/sökka í vatn/sjó
- Líta verður á afganginn sem sérstakan úrgang og losa sig við hann samkvæmt því, sjá málsgrein 13.

Óvænt losun (spilling), (ósprungin sprengihleðsla) eftir sprengingu:

Sjáð: Reglugerð um sprengiefni frá 11.09.1999. 684/1999 Málsgrein 39.

7. MEÐHÖNDLUN OG GEYMSLA

Séreinkenni og hættur:

- Eingöngu hæfir starfmenn með mega meðhöndla efnið

Meðhöndlun:

Sérstök tilvísun til:

- Reglugerð um sprengiefni frá 11.09.1999. Kafli VIII Notkun. Um meðhöndlun og notkun sprengiefnis.

Nokkrir punktar varðandi örugga meðhöndlun / öryggiskröfur með tilliti til hættu á eldi, sprengingu og þjófnaði

Tvísýnt ástand: Afhent úr geymslu --> geymsla sprengiefna til notkunar

- geymslustaður óaðgengilegur óviðkomandi eða undir eftirliti
- forðist högg, stuð og núningi
- verjið sprengiefni frá háu hitastigi
- geymið sprengiefnið langt frá hitauppsprettum, opnum eldi og öllum mögulegum hlutum sem geta tendrað.
- reykingar bannaðar
- verjið sprengiefnið frá raka

Geymsla:

Sérstök tilvísun til:

- Reglugerð um sprengiefni frá 11.09.1999.. Kafli VI. Geymsla

Geymsluflokkur/-tegund **1.1 D**

Varan er rakadræg og geymist í (geymslustaður) þurru, vel loftræstu nými. Geymslutími er 1 ár.

8. EFTIRLIT MEÐ MENGUN OG HLÍFÐARFATNAÐUR

Aðal norm (efni tilv. einstök hráefni í lokaafurð):

Efni	CAS-nr.	Norm	Ár
Brennsluolia venjuleg	68476-30-2	1,0 mg/m ³ , raki	1996
Diesel; Gas olía – ótilgreind	68334-30-5	1,0 mg/m ³ , raki	2001
Brennslu parafín (HT); steinolía-ótilgreind	91770-15-9	120,0 mg/m ³	1996

Jarðolán er uppsogið í fullgerðri afurðinni / bundið í fullgerðri afurð Anoliti og við venjulega notkun er engin hætta.

ÖRYGGISLEIÐBEININGABLAÐ**ANOLIT A, ANOLIT EXTRA AND ANOLIT EXTRA A**

Dagsetning:	04.11.2003	Alþjóðanúmer.:	082-02.nor.02	I stað:	082-02.nor.01 (13.09.2002)
-------------	------------	----------------	---------------	---------	----------------------------

Varúðarupplýsingar vegna sprengigass , sjá málsgrein 16, Aðrar upplýsingar

Fyrirbyggjandi kröfur:

Almennt:

- Möguleiki á augnskulan skal vera til staðar á vinnusvæði.
- Vinnustaður og vinnuhættir skulu vera þannig að komið sé í veg fyrir beina, langa og mikla snertingu við vöruna
- Ekki skal borðað eða drukkið meðan unnið er við sprengiefni, reykingar bannaðar.
- Vinnufatnaður skal vera til skiptanna
- Þvo skal hendur fyrir vinnuhlé og þegar vinnu er lokið.
- Forðist að snerta húð og augu

Vörn við öndun:

- Við venjulega meðhöndlun ekki nauðsynleg.
- Við hættu á innöndun og ef erfiðeikar í öndun verða: Notið varnargrímu P2.

Vörn fyrir hendur:

- Notið hanska gerða úr Nitril eða PVC efnunum.
- Við hleðslu með vél; notið þétt varnargleraugu eða andlitshlíf.

Öryggisfatnaður:

- Notið vinnufót sem eru ætluð fyrir fyrir starfsemina og sem varna snertingu við húð.

9. EÐLIS OG EFNAFRÆÐILEGIR EIGINLEIKAR

Ytra útlit:

Útlit:	Porous Korn; 0,5-2,5 mm
Litur:	Gulur
Lykt:	Jarðolía (diesel / paraffin)
Árðandi:	Sjáð eigin tæknilegar upplýsingar

Öryggis upplýsingar:

Eldfimt:	Mjög eldfimt, mikil tæring (oxun)
Sprengihætta:	Við eld þar sem gas er innilokað og við vélræn högg
Þéttleiki (eðlismassi):	Anolit ca. 0,85 kg/dm ³ - Anolit Light ca. 0,40 kg/dm ³
Sýrustig:	4,5 to 5,5
Leysanleiki í vatni:	Ammoniumnitrat; uppleysanlegt. Aðal viðbótarefni; óuppleysanlegt í vatni
Árðandi:	Varan er rakadræg og mjög eyðandi.

10. STÖÐUGLEIKI OG HVARFGIRNI

Stöðugleiki:

- Varan hefur virka oxun og getur spillst við hækkandi hita. Við hækkandi loftþrýsting í lokuðu rými / tanki eykst hætta á sprengingu. Við 260°C er möguleiki á sprengingu. Forðist öll högg og núnung.
- Með venjulegri notkun og meðhöndlun er engin hætta á spillingu.

Hvarfast við:

- Sýrur, afoxunar efni og þungmálmrar flýta fyrir loka sundrun, jafnvel brennandi efni flýtir ferlinu.
- Afurðin framkallar ammóníak í basísku umhverfi
- Forðist snertingu við kopar, sink og skyld efnasambönd.

Hættuleg efnahövð - / niðurbrotsefni:

- Nítrit gas, kolmónóxíð og ammóníak, sjá málsgrein. 3 (varúðarupplýsingar – sprengi gas)

11. EITURFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

Eiturupplýsingar:

- Ammoníumnítrat, LD50 (rannsóknarstofu prófun) : > 2000 mg/kg

Almennt:

- Samsetningin með venjulegri notkun og meðhöndlun skapar ekki mikla hætta fyrir heilsu. Kyning og innöndun efnisins í of miklu magni getur orsakað alvarlegan lungnaskaða og eitrun.

Innöndun:

- Innöndun í litlu magni getur verið ertandi. Langdregin áhrif eða hærri samsöfnun getur orsakað sýkingu í öndunarfærum, höfuðverk og svima.

Snerting við húð:

- Getur verið ertandi og endurtekin eða langtíma snerting getur að lokum valdið sprunginni húð.
- Löng eða endurtekin snerting við Diesal getur leitt til húðkrabbameins.

Snerting við augu:

- Rykið er mjög ertandi fyrir augu.

Kyning:

- Vætanlega ólíkleg, en mun valda viðbrögðum í slímhúðinni og hætta á skemmdum. flökurleiki, uppköst og niðurgangur.

12. HÆTTUR GAGNVART UMHVERFINU

ÖRYGGISLEIÐBEININGABLAÐ**ANOLIT A, ANOLIT EXTRA AND ANOLIT EXTRA A**

Dagsetning:	04.11.2003	Alþjóðanúmer.:	082-02.nor.02	I stað:	082-02.nor.01 (13.09.2002)
-------------	------------	----------------	---------------	---------	----------------------------

Hegðun efnisins í umhverfinu:

- Stærsti hluti afurðarinnar (ammoníumnítrat) er uppleysanlegur / og blandast vatni.
- Jarðoliur eru ekki uppleysanlegar í vatni, geta farið í jörðina og mengað jarðvatn. Þær gufa upp á hóflegum hraða og blandast andrúmsloftinu.

Eyðing:

- Ammoníumnítrat er auðveldlega brotið niður.
- Jarðoliur eru að hluta lífræðilega brothættar og munu að einhverju leyti vera í umhverfinu.

Uppsofnun í l'fríkinu:

- Ammoníumnítrat safnast ekki upp.
- Jarðoliur geta geta safnast upp.

Eitrunaráhrif í umhverfinu:

- Brennsluparaffín / diesel; $1 < LC/EC$ (lífverur í vatni.) ≤ 10 . Eitrað fyrir lífverur sem lífa í vatni, getur valdið langtíma áhrifum á vatnsumhverfið.
- Ammoníumnítrat (sem áburður) getur stuðlað að eitrun fyrir lífverur sem lífa í vatni með mikilli losun, á staðnum.

13. FÖRGUN

Afgangur sprengiefnis , skemmt sprengiefni og pakkningar verður að safana saman og fjarlægja (mögulega endurpakka í viðurkennar pakkningar), geyma í stuttan tíma og eins fjótt og mögulegt er eyða á öruggan hátt.

Vinsamlegast athugið: Reglugerð um sprengiefni frá 11.09.1999. 684/1999 Málsgrein 39.

14. FLUTNINGURVegflutningar ADR/RID:

Flokkur:	1
Flókkunarkóði:	1.1 D
UN-Nr.:	0082
Pakkningarákvæði:	P 116
Vörudeiti (tæknilegt deiti):	Sprengiefni, Tegund B
Viðeigandi flutninga deiti:	Sprengiefni, Blasting, Tegund B

Sjóflutningar IMDG:

Flokkur:	1
Flókkunarkóði:	1.1 D
Pakkningarákvæði:	P 116
EmS-Nr.:	F-B, S-Y

Flugflutningar:	Bannaður
-----------------	-----------------

15. LÖG, REGLUGERÐIR OG MERKINGAR

Heiti vörðu: ANOLIT A, ANOLIT EXTRA ,ANOLIT EXTRA A

Hættulegt efni: Ammoníum Nítrat og Diesel / brennslu paraffín / Brennsluolífa (4-8%)

Hættukóðar og hættumerki:



Hættu og varnaðarsetningar:

- R2 Sprengihætta hættulegt við högg, núning, eld eða aðra tendrunarmöguleika
R36/37/38 Ertir augu, öndunarveg og húð
R40 Möguleg hætta á krabbameini
R 52/53 Eitruð fyrir lífverur í vatni; getur valdið langtíma álfirkið í vatni.

Öryggissetningar:

- S35 Varan og pakkningar skulu gerðar skaðlausar á öruggan hátt
S36/37 Notið viðeigandi hlífðarföt og hanska
S41 Forðist að anda að ykkur reyk sem sem á sér stað við eld eða sprengingu.
S45 Við óhapp eða álíka uppákomur er nauðsynlegt að leita læknismæðferðar; sýna öryggisleiðbeiningablað ef mögulegt.
S57 Geyma á þann hátt sem efnið er varðveitt á öruggan máta frá umhverfinu. (Sjá til þess að efnið sé í sterkum og viðeigandi pakkningum til að varna mengun í umhverfinu.)

Staðbundin lög og reglugerðir:

ÖRYGGISLEIÐBEININGABLAÐ**ANOLIT A, ANOLIT EXTRA AND ANOLIT EXTRA A**

Dagsetning: 04.11.2003	Alþjóðanúmer.: 082-02.nor.02	Í stað: 082-02.nor.01 (13.09.2002)
------------------------	------------------------------	------------------------------------

- Lög frá mars 1998 nr 16. 1998 um vopn og sprengiefni . Reglugerð frá 11. October 1999 nr. 684/1999 Reglugerðir um sprengiefni.
- ADR-/RID Vega og járnbrautaflutningur af hættulegum efnunum 27. desember 2000. Nr. 984/2000.

16. AÐRAR UPPLÝSINGAR

Varnaðar og hættusetningar (frá málsgrein. 2):

- R 8: Eldfimt ef kemst í samband við eldfim efni
 R 9: Hætta á sprengingu í sambandi við eldfim efni
 R 10: Eldfimt
 R 40: Möguleg hætta á varanlegum heilsuskaða
 R 65: Hættulegt: Getur skaðað lungu ef kyngt.
 R 66: Endurtekin snerting getur valdið þurri eða sprunginni húð
 R 51/53: Eitrað fyrir lífverur í vatni; getur valdið langtíma áhrifum á lífríki í vatni.

Við sprengingu gildi fyrir sprengi gas:

CAS – nr.:	Sprengi gas:	Gildi	Norm	Varnaðrflokkur:
		mg / m ³	ppm	
10102-44-0	Nítrogendíoxíð (NO ₂)	3,6 (T)	2 (T)	T+; 26 – 34
10102-43-9	Nitrogenmonoxíð (NO)	30	25	T+; 26 – 34
630-08-0	Carbonmonoxíð (CO)	29	25	F+, T; 61-12-23-48/23
124-38-9	Carbondíoxíð (CO ₂)	9000	5000	---

Þetta upplýsingablað er gert skv. upplýsingum uppgefnum í öryggisleiðbeiningarblaði frá undirverktökum / framleiðendum fyrir hvert sjálfstætt efni í fullunnri vörunni (Anolit Extra A).

Upplýsingar í þessu skjali skulu vera til staðar fyrir alla sem meðhöndla vöruna.